

Fjaran

6 - 13 ára

Úti og grenndarnám á Seltjarnarnesi
Verkefnabanki í Sjónlistum

Fjaran

Fjaran býður upp á endalaus möguleika hvað varðar efni og aðferðir. Í fjörunni finnast margar gerðir af þangi, steinum og kuðungum. Fjörur á sunnan- og vestanverðu nesinu eru yfirleitt lágar sandfjörur en stórgrýttari að norðanverðu. Víðast meðfram ströndinni er búið að hlaða upp gördum til varnar fyrir sjávangangi. Gott er að kynna sér upplýsingar um flóð og fjöru áður en lagt er af stað í fjöruferð.

Markmið

Í þessum verkefnum kynnast nemendur þeim óendanlegu möguleikum sem fjaran býður upp á. Áhersla er lögð á tilraunir og óvæntar niðurstöður og skapandi vinnuflæði. Nemendur kynnast hugmyndinni um jákvætt og neikvætt rými.

Aðferð / Útfærsla

Nemendur fara í fjöruferð með kennara og heimsækja Urtagarðinn. Það er tilvalið að taka með sér efni og vinna utandyra. Ennig er hægt að taka poka eða ílát og taka með sér efni úr fjörunni og vinna með það þegar komið er í kennslustofuna.



Efni

Pappír, blýantar, strokleður, trélitir, vatnslitir, penslar og ílát. Skissubækur, stílabækur og vatnslitapappír
Leir, gifs, tómar fernur
Afgangsefni, endurvinnanlegt efni
Snjalltæki, sími, myndavél

Snertifletir við aðrar greinar

Saga, náttúrufræði,



Verkefni #1 Penslagerð

Vangaveltur

Kennari fræðir nemendur um mismunandi gerðir plantna og hvort og hvert hlutverk þeirra var og er.

Veltum fyrir okkur ólíkum pensilstrofum, línunum og áferðum. Það er hægt að mála með öllu mögulegu. Mikilvægi tilrauna og hvernig óvæntar útkomur geta verið skemmtilegar og áhugaverðar.

Nemendur kynna sér Flóra Íslands
<http://www.floraislands.is/>

Aðferð

Nemendur fara í göngutúr og tína strá og greinar og allt sem þeim dettur í hug að búa til pensla úr. Ef veður leyfir er hægt að prófa að mála úti og einnig er tilvalið að gera sameiginlegt verk. Það krefst þó aðeins meiri undirbúnings. Einnig er tilvalið að fá aðstöðu innandyra eða fara með stráin og plönturnar heim í kennslustofu. Þar er hægt að prófa að mála með stráum, greinum, laufum og blómum. Hér er gott að nota blek eða akrílmálningu. Nemendur æfa sig í að búa til ólíkar áferðir og línur og ná náttúru-stemmingu á þennan hátt.





Verkefni #2 Jákvætt og neikvætt rými

Aðferð

Gifs og leir

Nemendur fara í fjöruferð og skoða og velja nokkra hluti sem vekja áhuga þeirra. Til dæmis fallega lagaðan stein, fjöður, rusl, þang og þara og hvaðeina sem á vegi þeirra verður. Hver nemandi velur sér nokkra hluti til að vinna með og tekur með sér.

Þegar komið er til baka í vinnurými eða kennslustofu er öllum hlutunum dreift yfir borð. Því næst taka nemendur til við að klippa ofan af tómum mjólkurfernum eða öðrum ílátum sem þau hafa komið með að heiman. Þegar það er búið fær hver nemandi ílát og leir (fleiri en eitt er skemmtilegt). Leirinn er hnoðaður og settur ofan í ílátið og síðan er steinum, þangi, fjöðrum og öðrum hlutum ýtt ofan í leirinn þannig að það myndast far. Hlutirnir eru síðan teknir af og farið skoðað. Þannig búum við til neikvætt rými.

Til að búa til jákvætt rými úr sama hlut getum við helt fljótandi gífsi yfir leirinn og ofan í farið. Þegar gífsblandan hefur þornað er henni lyft varlega af og þá verður til andstæð mynd eða jákvætt rými. Gott að setja sápu á milli leirsins og gífsins.

Kennarinn blandar gífs í stóra fötu fyrir hópinn og passar að gífsið sé ekki of þykkt og ekki of þunnt. Gífsið má vera svipað og súrmjólk.

Listamenn til að skoða:

Magnús Pálsson - gífsverk
Rachel Whiteread





Verkefni #3 Útiskúlpúrar

Vangaveltur

Jákvætt og neikvætt rými

Listamenn til að skoða:

Andy Goldsworthy



Aðferð

Einnig er hægt að vinna úti með leir. Leirinn er þá hnoðaður í form, skorinn í tvennt eða settur ofan í tómt ílát og fluttur út. Völdum hlut eins og stein eða þara er þrýst í yfirborð hans. Leirinn þornar og ef að hluturinn er fjarlægður myndast skemmtilegt far. Einnig má setja blóm eða annað í leirinn og festa hann þannig að hann þorni og verði að skrauti.

Í fjörunni er líka tilvalið að búa til útiskúlpúra úr efninu sem finnst á staðnum og einnig getur verið skemmtilegt að gera steinaverk td. mandölur eða önnur munstur. Þetta getur verið hópverkefni.

Annað hópverkefni er að búa til listaverk í sandinn td. sandkastala eða jafvel módel af Seltjarnarnesi. Hér gæti verið gott að hafa kort meðferðis eða snjalltæki sem hægt væri að skoða.

Verkefni #4 Bollasteinn

Vangaveltur


Við erum hluti af náttúrunni.
Lækningarmáttur vatns.
Samvera.
Fótabað og tær.
Vatnið.
Hljóðin í náttúrunni.
Blái liturinn.
Steinar, fjöll, selir, fuglar.
Umhyggja snerting, speglun

Útilistaverk í fjöruborði

Bollasteinn eftir Ólöfu Nordal (2004-2005)

Útilistaverkið Bollasteinn er lítill heitur pottur sem hægt er að fara í fótabað í. Hér er tilvalið að fara í fótabað, loka augunum og hlusta á hljóðin í náttúrunni. Því miður komast bara nokkrir í pottinn í einu.






Fiaran



Gifs og leir



Útiskúlpúrar og málun

